



cutting through complexity™

Reykjavíkurborg

Endurskoðunarskýrsla

Apríl 2016





KPMG ehf.
Endurskoðunarsvið
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími: 545 6000
Fax: 545 6001

Reykjavík, 28. apríl 2016

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar
Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur,
101 Reykjavík
kt. 520269-7609

Endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2015 er lokið að öðru leyti en því að við munum ganga frá áritun okkar á ársreikninginn samhliða afgreiðslu og áritun borgarstjórnar við síðari umræðu í borgarstjórn.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst var í bréfi okkar dagsettu 5. nóvember 2014. Við endurskoðunina höfum við það að markmiði að veita óháð álit á ársreikningnum og staðfesta að skýrsla borgarstjóra og borgarstjórnar uppfylli kröfur laga. Borgarstjórn og borgarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Endurskoðunarskýrslunni er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur. Þessar upplýsingar ætti ekki að nota í neinum öðrum tilgangi.

Skýrsla þessi er ekki hluti af áritun okkar á ársreikninginn og veitir ekki viðbótarálit á honum. Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur er skylt sem endurskoðendum í því skyni að koma auga á og upplýsa um atriði sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á. Við höfum jafnframt komið ábendingum til stjórnenda á framfæri með sérstökum skýrslum til borgarstjóra þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýslu.

Við viljum þakka fyrir samvinnuna á meðan á endurskoðuninni stóð.

Við treystum því að þessar upplýsingar séu í samræmi við kröfur ykkar og munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina ef óskað verður eftir því.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Auðunn Guðjónsson

endurskoðandi

Guðný Helga Guðmundsdóttir

endurskoðandi

Afrit:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Frekari upplýsingar í tengslum við skýrslu þessa veita:

Auðunn Guðjónsson
Partner
agudjonsson@kpmg.is

Guðný Helga Guðmundsdóttir
Partner
ghgudmundsdottir@kpmg.is

Reykjavíkurborg	Bls.		Bls.
1. Megin niðurstöður		5.3 Skammtímakröfur	21
1.1 Helstu niðurstöður	3	5.4 Lífeyrisskuldbinding	22
2. Um endurskoðun ársins 2015		5.5 Skuldir og aðrar skuldbindingar	23
2.1 Framkvæmd endurskoðunarinnar	4	5.6 Önnur mál	26
2.2 Innra eftirlit og upplýsingakerfi	6	6. Fjárhagsstaða í árslok og þróun	
2.3 Stjórnarsýsluskoðun	8	6.1 Heildareignir	27
3. Fjárhagsáætlun og rauntölur		6.2 Eiginfjárlutfall	28
3.1 Rekstur í samanburði við fjárhagsáætlun	9	6.3 Heildarskuldir og skuldbindingar	29
3.2 Fjárfesting í samanburði við fjárfestingaráætlun	10	6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið	30
4. Ársreikningur sveitarfélagsins		6.5 Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili	32
4.1 Rekstrarreikningur ársins 2015	12	6.6 Framlegðarlutfall	33
4.2 Efnahagsreikningur 31. desember 2015	13	7. Önnur atriði	
4.3 Sjóðstreymisyfirlit árið 2015	15	7.1 Rekstur A hluta stofnana á árinu 2015	34
5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir		7.2 Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2015	35
5.1 Almennt	16	7.3 Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2016-2020	44
5.2 Fastafjármunir	18	8. Staðfestingar	
		8.1 Staðfestingar og önnur atriði	45

Atriði	Helstu niðurstöður	Nánari umfjöllun
A og B hluti Rekstur og fjárhagsstaða sveitarfélagsins	- Rekstrarniðurstaða A og B hluta á árinu var neikvæð um 4.980 millj. kr., en niðurstaða A hluta var neikvæð um 13.636 millj. kr. - Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 31.138 millj. kr., en 5.212 millj. kr. í A hluta samkvæmt sjóðstreymisýfirliti. - Skuldir og skuldbindingar A og B hluta námu 301.553 millj. kr. í árslok 2015 og hafa hækkað um 14.408 millj. kr. frá árslokum 2014. - Veltufjárlutfall A og B hluta var 0,94 í árslok 2015, en 1,18 í A hluta. Eiginfjárlutfall A og B hluta var 43% en A hluta 48%.	Bls. 12 - 15
A hluti	Eins og fram kemur í skýringu 27 í ársreikningi var mismunur tekna og gjalda Aðalsjóðs neikvæður um 18.252 millj. kr. Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 4.379 millj. kr. og rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs jákvæð um 238 millj. kr.	Bls. 34
B hluti	Afkoma allra B hluta fyrirtækja, nema Jörundar ehf. og Ípróttá- og sýningarhallarinnar hf. var jákvæð á árinu 2015, en þjónustutekjum og rekstrarframlögum er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði hvers B hluta fyrirtækis.	Bls. 35 - 43
Fjárhagsleg viðmið	- Skuldahlutfall A og B hluta (skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum) nam 209,5% í árslok 2015, en þetta hlutfall var 215,8% í árslok 2014. Skuldaviðmið er skilgreint í reglugerð nr. 502/2012 og nam það 97,0% í árslok 2015 fyrir A og B hluta. Til viðmiðunar skulu sveitarfélög samkvæmt sveitarstjórnarlögum takmarka skuldir A og B hluta við 150% af reglulegum tekjum. - Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Rekstrarjöfnuður sveitarfélagsins 2013-2015 var neikvæður um 824 millj. kr. og rekstrarjöfnuður A hluta var neikvæður um 13.297 millj. kr. Gangi fyrirbyggjandi áætlanir sveitarfélagsins eftir verður rekstrarjöfnuður A og B hluta sveitarfélagsins neikvæður næstu tvö árin og jákvæður árin þar á eftir.	Bls. 30 - 32
Innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýsla	- Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins er varðar innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýslu eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til borgarstjóra og endurskoðunarnefndar í sérstökum skýrslum þar sem settar eru fram ítarlegar ábendingar sem tengjast vinnu okkar. - Stjórnendur sveitarfélagsins hafa mótttekið ábendingar okkar og hafa lýst áformum sínum um viðbrögð við þeim. Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2016.	Bls. 7 - 8
Áritun óháðs endurskoðanda	Fyrirliggjandi ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 er lagður fyrir borgarstjórn til fyrri umræðu þann 3. maí 2016. Munum við árita hann samhliða afgreiðslu og áritun borgarstjórnar við síðari umræðu fyrirvaralausri áritun komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.	Bls. 5

2. Um endurskoðun ársins 2015

2.1 Framkvæmd, umfang og áritun endurskoðanda

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós

Ábyrgð stjórnenda felst í því að ársreikningurinn sé í samræmi við lög um ársreikninga

2.1.1. Almennt

- Ársreikningur Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við sveitastjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlánir og ársreikninga sveitarfélaga.
- Ársreikningar B hluta fyrirtækja eru gerðir í samræmi við lög um ársreikninga, en tvö B hluta fyrirtæki þ.e. Félagsbústaðir hf. og Orkuveita Reykjavíkur gera ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

2.1.2 Framkvæmd endurskoðunarinnar

- Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.
- Endurskoðun ársreikningsins felur meðal annars í sér greiningu á hinum ýmsu liðum rekstrarreikningsins, samanburði við fjárhagsáætlun og ársreikning fyrri árs. Við yfirferð efnahagsreikningsins hefur heild og tilvist eigna og skulda verið kannað.
- Við endurskoðunina voru gerðar kannanir á bókhaldsgögnum og bókhaldskerfum að því marki sem við töldum nauðsynlegt. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits.
- Við höfum einnig kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.

- Stjórnendur sveitarfélagsins munu við áritun okkar undirrita sérstakt staðfestingarbref þess efnis að þeir staðfesti ábyrgð sína á því að framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga. Sú ábyrgð felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

2.1.3 Umfang endurskoðunar

- Til B hluta fyrirtækja teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum.
- Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:
 - Orkuveita Reykjavíkur
 - Félagsbústaðir hf.
 - Faxaflóahafnir sf.
 - Malbikunarstöðin Höfði hf.
 - Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
 - Sorpa bs.
 - Strætó bs.
 - Aflvaki hf.
 - Jörundur ehf.
 - Íþrótt- og sýningahöllin hf.
- Umfang aðkomu að B hluta fyrirtækjum í tengslum við endurskoðun ársreiknings sveitarfélagsins er ákvarðað á grundvelli fjárhagslegs mikilvægis og áhættu sem tengist B hluta fyrirtækinu. Aðkoma okkar tekur einnig mið af því hvort B hluta fyrirtækið sé endurskoðað af KPMG eða öðrum. Ársreikningar ofangreindra félaga fyrir árið 2015 eru allir endurskoðaðir af KPMG fyrir utan ársreikning Íþrótt- og sýningahallarinnar hf.

2. Um endurskoðun ársins 2015

2.1 Framkvæmd, umfang og áritun endurskoðanda, framhald

2.1.4 Mikilvægismörk í endurskoðun

- Við endurskoðun eru sett ákveðin mikilvægismörk til að ákvarða hver ásættanleg skekkja er í viðkomandi ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarkna er lagt mat á hversu mikil skekkja yrði þess valdandi að upplýstur notandi ársreiknings tæki aðra ákvörðun en væri skekkjan ekki til staðar. Mikilvægismörk eru ákvörðuð í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.
- Við endurskoðun ársreiknings samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 höfum við ákvarðað mikilvægismörkin 1.420 millj. kr. fyrir alla liði ársreiknings að undanskildum rekstrarfjármunum þar sem mikilvægismörk eru ákvörðuð hærrí eða 5.300 millj. kr. Við lækkuð síðan þessi mörk enn frekar gagnvart einstökum liðum ársreiknings, stofnunum eða fyrirtækjum.
- Við skipulagningu á endurskoðun og ákvörðun á endurskoðunar-nálgun beitum við mikilvægismörkunum. Einnig notum við mikilvægismörkin til að leggja mat á mismuni sem upp geta komið við endurskoðunina og áhrif þeirra á reikningsskilin í heild sinni. Í því felst að sett er lágmarksviðmið fyrir fjárhæðir sem gerðar eru athugasemdir við sem er um 5% af mikilvægismörkunum. Í endurskoðun okkar vegna ársins 2015 er fjárhæð þessi 71 millj. kr. fyrir liði sem falla undir lægri mikilvægismörkin og 265 millj. kr. fyrir liði sem falla undir hærri mikilvægismörkin.

2.1.5 Endurskoðunarmismunir

- Mismunum, sem upp koma við endurskoðunina og eru umfram framangreind mörk, er safnað á sérstakan mismunalista og er lagt mat á áhrif uppsafnaðra mismuna undir lok endurskoðunarinnar. Mismunalistinn er lagður fyrir stjórnendur sveitarfélagsins til upplýsingar og staðfestingar.
- Mismunir sem upp komu við endurskoðunina og hafa ekki verið leiðréttir hafa ekki veruleg áhrif á reikningsskilin. Stjórnendur hafa einnig staðfest við okkur að samkvæmt þeirra mati hafi óleiðréttir mismunir ekki veruleg áhrif á ársreikninginn í heild sinni.

- Auk þess komu fram mismunir við uppgjör og gerð ársreiknings sem hafa verið leiðréttir.
- Þyngst vegur mismunur vegna tekjuskráningar á heitu vatni hjá Orkuveitu Reykjavíkur sem var leiðréttur á árinu 2015. Ekki var fullt samræmi á milli afhentrar orku skv. magnmælingum og reikningsfærðar sölu skv. sölukerfi. Leiðréttingin leiðir til lækkunar á hagnaði Orkuveitunnar að fjárhæð um 800 millj. kr. að teknu tilliti til áhrifa tekjuskatts.
- Vanfærð orlofsskuldbinding í upphafi árs að fjárhæð 230 millj. kr. var leiðrétt með færslu á eiginfjárreikning. Skuldbindingin var áður áætluð út frá gjaldfærðum launum á orlofsárinu, en ekki miðað við áunninn orlofsrétt hvers og eins starfsmanns eins og nú er gert.
- Tekjuskattseign og tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun 2014 var leiðrétt vegna leiðréttingar á skiptingu á skattalegum rekstrarfjármunum á milli félaga í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Leiðréttingin hefur þau áhrif að eigið fé í ársbyrjun hækkar um 338 millj. kr. vegna mismunandi skatthlutfalla félaga innan samstæðu Orkuveitunnar.

2. Um endurskoðun ársins 2015

2.1 Framkvæmd, umfang og áritun endurskoðanda, framhald

2.1.6 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar

- Hjá Reykjavíkurborg er starfrækt innri endurskoðun sem sinnir mikilvægu hlutverki að okkar mati. Við skipulagningu endurskoðunar og áhættumat okkar höfum við kynnt okkur störf innri endurskoðunar og helstu skýrslur sem gefnar hafa verið út.

2.1.7 Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

- Við endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar höfum við átt í samskiptum við endurskoðunarnefnd. Við kynntum fyrir nefndinni endurskoðunaráætlun okkar og veittum upplýsingar um framvindu endurskoðunarinnar og yfirforum helstu álitamál sem upp hafa komið.

2.1.8 Áritun á ársreikning Reykjavíkurborgar

- Fyrirliggjandi ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 verður lagður fyrir borgarstjórn til fyrri umræðu þann 3. maí 2016. Munum við árita hann samhliða afgreiðslu og áritun borgarstjórnar við síðari umræðu fyrirvaralausri áritun komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.
- Áritun án fyrirvara er hefðbundin og felur í sér það álit okkar að ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga.
- Ársreikningar B hluta fyrirtækja, að undanskildum ársreikningum Jörundar ehf. og Aflvaka hf., hafa verið afgreiddir af stjórnnum viðkomandi fyrirtækja og áritaðir af óháðum endurskoðanda með fyrirvaralausum áritunum. Ársreikningar Jörundar ehf. og Aflvaka hf. hafa óveruleg áhrif á ársreikning Reykjavíkurborgar.



Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim liðum þar sem mest hættu er á skekkjum í ársreikningi

Við höfum komið ýmsum ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins

2.2.1. Innra eftirlit og fjárhagskerfi

- Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2015 höfum við tekið mið af innra eftirliti og fjárhagskerfi sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóstist tjón af villum, mistökum eða misnotkun. Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim liðum þar sem mest hættu er á skekkjum í ársreikningi.
- Endurskoðun okkar felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

2.2.2. Niðurstöður varðandi innra eftirlit

- Eitt mikilvægasta atriði innra eftirlits er viðeigandi verkaskipting og aðgreining starfa. Með aðgreiningu starfa næst fram mikilvægt eftirlit þannig að minni hættu er á mistökum eða misferli. Mikilvægur þáttur í innra eftirliti er að starfsmenn sem samþykkja útgjöld hafi ekki bókunaraðgang að fjárhagsbókhaldi.
- Hjá sveitarfélaginu er tiltekin aðgreining starfa, en að okkar mati má gera enn betur. Aðgangsmál hafa verið yfirfarin af stjórnendum og aðgangi einhverra lokað en enn eru aðilar með of víðtækar heimildir. Leggjum við til að aðgangur að fjárhagsbókhaldinu verði endurskoðaður og yfirfarinn og aðgangi lokað á þá aðila sem heimild hafa til að stofna til útgjalda. Mikilvægt er að hlutverk hvers og eins sé skýrt og heimildir til aðgerða í upplýsingakerfum endurspegli hlutverk hvers aðila. Góður skilningur á eftirlitshlutverkum er nauðsynlegur þannig að sú aðgreining starfa sem til staðar er nýtist sem best.

2.2.3. Niðurstöður varðandi upplýsingakerfi

- Við skoðun á upplýsingakerfum sveitarfélagsins og atriðum sem því tengjast kom í ljós að mikilvægt er að styrkja einstök atriði, einkum er varðar skilgreiningu aðgangsheimilda og réttindi einstakra starfsmanna og þjónustuaðila til aðgerða í kerfunum. Aðgangsheimildir eru notaðar til að stýra heimildum til tiltekinna aðgerða í kerfum þannig þær séu hann sé í samræmi við starfssvið hvers notanda og endurspegli viðeigandi aðskilnað starfa.
- Við rýni á ISO 27001 öryggisvottun sveitarfélagsins kom í ljós að fjárhagskerfið Agresso og Oracle launakerfið er ekki hluti af umfangi ISO vottunarinnar. Ráðlagt er að allur rekstur upplýsingatækni kerfa falli undir umfang ISO vottunar.
- Unnið er að innleiðingu á SAP mannauðs- og launakerfi ásamt því að gera þjónustusamning á milli fjármálaskrifstofu og upplýsingatæknideildar. Samkvæmt stjórnendum sveitarfélagsins verður tekið tillit til ábendingar okkar m.a. við þá vinnu.

2.2.4. Innra eftirlit og upplýsingakerfi, almennt

- Við viljum taka fram að samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til borgarstjóra og endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Athugasemdir og ábendingar hafa verið ræddar við stjórnendur sem hafa lýst fyrir okkur áformum sínum um vinnu við úrbætur.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2016.

Endurskoðendur komi á framfæri tillögum að úrbótum er varða stjórnsýslu

Við höfum komið ýmsum ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins

Við tökum undir ábendingar innri endurskoðunar

2.3.1 Stjórnsýsluskoðun

- Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“
- Var í því sambandi kannað hvort borgarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

2.3.2 Niðurstöður

- Samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til borgarstjóra og endurskoðunarnefndar í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Stjórnendur sveitarfélagsins hafa móttengið ábendingar okkar og brugðist við með því að koma af stað vinnu við úrbætur. Við munum fylgja ábendingum okkar eftir við skoðun vegna ársins 2016.
- Það er okkar mat að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar inni af hendi mikilvægt starf og tökum við undir þær ábendingar sem innri endurskoðun hefur komið á framfæri. Við hvetjum til þess að hraðar verði unnið að þeim úrbótum sem innri endurskoðun hefur lagt til.

Fjárhagsáætlun ársins 2015
var samþykkt við síðari
umræðu í borgarstjórn þann
2. desember 2014

Breytingar á áætluninni
(viðaukar) voru gerðar með
sérstökum samþykktum
borgarstjórnar yfir árið

Fjárhagsáætlun með
viðaukum er birt í
ársreikningi til samanburðar
við rauntölur

Nánar er gerð grein fyrir
frávikum frá fjárhagsáætlun í
skýrslu Fjármálaskrifstofu
við framlagningu
ársreiknings

3.1.1 Fjárhagsáætlun og rekstur

- Rekstrarniðurstaða A hluta samkvæmt upphaflega samþykktu fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 er jákvæð um 434 millj. kr., en þegar tekið hefur verið tillit til samþykktra viðauka er rekstrarniðurstaða áætlunarinnar neikvæð um 622 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A hluta samkvæmt ársreikningi er neikvæð um 13.636 millj. kr., eða 13.013 millj. kr. óhagstæðari en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir.
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta samkvæmt upphaflega samþykktu fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 er jákvæð um 8.448 millj. kr., en þegar tekið hefur verið tillit til samþykktra viðauka er rekstrarniðurstaða áætlunarinnar jákvæð um 7.392 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta samkvæmt ársreikningi er neikvæð um 4.980 millj. kr. eða 12.371 millj. kr. óhagstæðari en áætlun með viðauka gerði ráð fyrir. Lakari afkoma skýrist að stórum hluta af mun hærri gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar sem nam 14.667 millj. kr. en áætlun gerði ráð fyrir 2.399 millj. kr.
- Rekstrartekjur A og B hluta eru 1.725 millj. kr. hærri en samkvæmt áætlun með viðaukum. Rekstrargjöld A og B hluta eru 14.409 millj. kr. umfram áætlun með viðaukum. Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og aðrir liðir eru samtals 313 millj. kr. hagstæðari en áætlun með viðaukum.
- Bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga. Eftirfarandi töflur eru í þúsundum króna og sýna samanburð rauntalna við fjárhagsáætlun með viðaukum og upphaflega áætlun. Einnig kemur fram hlutfallslegur mismunur milli rauntalna og áætlunar.

Rekstur A hluta

	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2015	Frávik frá upphafl. áætlun
Rekstrartekjur	91.034.718	89.539.138	1,7%	88.913.770	2,4%
Rekstrargjöld	(103.895.814)	(89.357.332)	16,3%	(87.675.720)	18,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ...	(774.540)	(804.113)		(804.113)	
Rekstrarniðurstaða	(13.635.636)	(622.308)		433.936	

Rekstur A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2015	Frávik frá upphafl. áætlun
Rekstrartekjur	143.927.235	142.202.154	1,2%	141.576.786	1,7%
Rekstrargjöld	(139.327.680)	(124.918.896)	11,5%	(123.237.283)	13,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ...	(13.221.056)	(10.876.143)	21,6%	(8.354.786)	58,2%
Aðrir liðir	3.641.943	984.386		(1.536.971)	
Rekstrarniðurstaða	(4.979.557)	7.391.501		8.447.746	

Fjárhagsáætlun ársins 2015 var samþykkt við síðari umræðu í borgarstjórn þann 2. desember 2014

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum borgarstjórnar yfir árið

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

3.2.1 Fjárhagsáætlun og fjárfesting A hluta

- Upphafleg fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir 9.437 millj. kr. fjárfestingu í A hluta og 2.040 millj. kr. tekjum af gatnagerðargjöldum sem færast til lækkunar á fjárfestingu ársins.
- Fjárfesting A hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam á árinu 9.455 millj. kr. og tekjur af gatnagerðargjöldum námu 2.219 millj. kr.
- Frávik frá fjárfestingaráætlun er aðallega vegna lægri kostnaðar vegna gatnaframkvæmda, fjárfestingar í leigðum eignum og minni fjárfestingar hjá Bílastæðasjóði.
- Fjárfesting ársins greinist eins og fram kemur í töflunni hér til hliðar miðað við einstaka flokka eigna samkvæmt skýringu 33 í ársreikningi 2015.

	Fjárfesting ársins	Fjárfestingaráætlun Með viðaukum	Upphafleg
A hluti			
Fasteignir og lausafjármunir:			
Menningar- og ferðamálasvið.....	336.318	321.000	280.000
Skóla- og frístundasvið.....	1.915.146	1.703.350	1.859.000
Íþrótt- og tómstundasvið.....	613.780	737.650	745.000
Velferðarsvið.....	43.241	95.000	100.000
Lóðir, lönd og skipulagseignir.....	779.107	432.000	120.000
Ýmsar fasteignir.....	196.769	170.000	115.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður.....	990.330	1.170.000	1.130.000
Endurbætur og viðhald fasteigna...	1.118.136	1.105.000	1.125.000
Leigðar eignir.....	609.907	0	0
Bílastæðasjóður.....	22.727	700.000	700.000
Fasteignir og lausafjárm. samtals	<u>6.625.461</u>	<u>6.434.000</u>	<u>6.174.000</u>
Gatna- og umferðarmannvirki:			
Gatnaframkvæmdir.....	2.829.302	3.315.000	3.263.000
Gatnagerðargjöld.....	<u>(2.218.766)</u>	<u>(2.040.000)</u>	<u>(2.040.000)</u>
Gatnagerð samtals	<u>610.536</u>	<u>1.275.000</u>	<u>1.223.000</u>
A hluti	<u>7.235.997</u>	<u>7.709.000</u>	<u>7.397.000</u>

Fjárhagsáætlun ársins 2015 var samþykkt við síðari umræðu í borgarstjórn þann 2. desember 2014

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum borgarstjórnar yfir árið

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

3.2.2 Fjárhagsáætlun og fjárfesting B hluta

- Fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir 16.412 millj. kr. fjárfestingu í B hluta. Ekki voru gerðir neinir viðaukar við áætlun B hluta á árinu.
- Fjárfesting B hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam á árinu samtals 14.691 millj. kr.
- Áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 24.121 millj. kr. fjárfestingu í A og B hluta.
- Heildarfjárfesting A og B hluta að frádregnum gatnagerðargjöldum á árinu 2015 nam 21.581 millj. kr.
- Faxaflóahafnir seldu lóðir til Reykjavíkurborgar á árinu fyrir 346 millj. kr. Þessar lóðir höfðu ekki bókfært verð í efnahagsreikningi Faxaflóahafna og tekjufærað því að fullu í rekstrarreikningi Faxaflóahafna. Viðskiptin eru felld út í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta í samræmi við reikningsskilareglur.

	Fjárfesting ársins	Fjárfestingaráætlun Með viðaukum	Upphafleg
A hluti	7.235.997	7.709.000	7.397.000
B hluti			
Faxaflóahafnir sf.....	931.837	1.200.000	1.200.000
Félagsbústaðir hf.....	2.413.847	2.467.180	2.467.180
Íþrótt- og sýningarhöllin hf.....	16.387	5.000	5.000
Jörundur hf.....	46.570	0	0
Malbikunarstöðin Höfði hf.....	136.853	30.000	30.000
Orkuveita Reykjavíkur.....	10.436.440	10.265.399	10.265.399
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins...	90.775	62.444	62.444
Sorpa bs.....	246.003	1.971.140	1.971.140
Strætó bs.....	372.632	410.600	410.600
B hluti	14.691.345	16.411.763	16.411.763
Milliviðskipti.....	(346.292)		
A og B hluti samtals	21.581.051	24.120.763	23.808.763

4. Ársreikningur sveitarfélagsins

4.1 Rekstrarreikningur ársins 2015

Nánari greiningu er að finna á bls. 5 í ársreikningi 2015, sjóðstreymisýfirliti 2015 á bls. 8, auk skýringa nr. 24 til 28 í ársreikningi sem taka til einstakra liða í rekstrarreikningi

Rétt er einnig að benda á skýringar 64 og 65 í ársreikningi þar sem birt eru yfirlit um lykiltölur sem taka til rekstrar sl. fimm ára

4.1.1 Rekstrarreikningur A og B hluta 2015

- Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2015 námu rekstrartekjur A og B hluta 143.927 millj. kr. samanborið við 133.058 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun milli ára nemur því 8,2%.
- Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, hækkun lífeyrisskuldbindingar, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 139.328 millj. kr. en voru 117.490 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun rekstrargjalda frá fyrra ári nemur 18,6%. Gjaldfærsla hækkunar lífeyrisskuldbindingar er 11.296 millj. kr. hærri en árið áður, sjá nánari sundurliðun og umfjöllun um lífeyrisskuldbindinguna í skýringu 25 og 44 í ársreikningi.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2015 námu 13.221 millj. kr. en voru 6.279 millj. kr. árið 2014. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru sundurliðuð í töflunni hér til hliðar. Hækkunin skýrist aðallega af hærri gjaldfærslu gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða.

4.1.2 Rekstrarreikningur A hluta 2015

- Rekstrartekjur A hluta námu 91.035 millj. kr. samanborið við 83.761 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun milli ára nemur því 8,7%.
- Rekstrargjöld A hluta námu alls 103.896 millj. kr. á árinu 2015 en voru 86.657 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun frá fyrra ári nemur 19,9%.

Rekstur A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	143.927.235	133.058.188	8,2%
Rekstrargjöld	(139.327.679)	(117.489.646)	18,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(13.221.056)	(6.278.505)	110,6%
Aðrir liðir	3.641.944	1.815.956	
Rekstrarniðurstaða	(4.979.556)	11.105.993	

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) A og B hluta - sundurliðun

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Vaxtatekjur og verðbætur	1.373.369	1.443.525	70.156
Vaxtagjöld og verðbætur	(7.719.401)	(6.746.323)	973.078
Áhættuvarnarsamningar	(1.916.314)	(4.004.287)	(2.087.973)
Gangvirðisbreytingar	(9.939.581)	(2.685.654)	7.253.927
Gengismunur	5.059.752	5.242.631	182.879
Aðrir liðir	(78.884)	471.603	550.487
Aðrir liðir samtals	(13.221.059)	(6.278.505)	6.942.554

Rekstur A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	91.034.717	83.760.551	8,7%
Rekstrargjöld	(103.895.814)	(86.657.092)	19,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(774.540)	65.668	
Rekstrarniðurstaða	(13.635.637)	(2.830.873)	

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 29 til 42 í ársreikningi sem taka til einstakra eignaliða í efnahagsreikningi

4.2.1 Eignir A og B hluta

- Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 525.560 millj. kr. í árslok 2015 fyrir A og B hluta, samanborið við 504.396 millj. kr. í árslok 2014. Breyting á milli ára er 4,2%.
- Varanlegir rekstrarfjármunir námu alls 465.995 millj. kr. hjá A og B hluta og 115.281 millj. kr. hjá A hluta.
- Hækkun annarra varanlegra rekstrarfjármuna á árinu nam 20.156 millj. kr. eða 3,5%. Hækkunin skýrist meðal annars af 10.300 millj. kr. endurmati varanlegra rekstrarfjármuna hjá Orkuveitu Reykjavíkur og 2.520 millj. kr. þýðingarmun sem myndast við þýðingu á varanlegum rekstrarfjármunum Orku náttúrunnar ohf. úr bandaríkjadollurum yfir í íslenskar krónur.
- Aðrar skammtímakröfur námu 13.207 millj. kr. sem er hækkun um 9.626 millj. kr. á milli ára. Hækkunin skýrist af því að Magma skuldabréfið er nú fært á meðal skammtímakrafna en var árið áður fært á meðal áhættufjármuna og langtímakrafna, sbr. umfjöllun í kafla 5.
- Veltufjármunir nema samtals 44.435 millj. kr. í árslok 2015 en námu 39.180 millj. kr. í árslok 2014.
- Veltufjárhlutfall A og B hluta er 0,94 í árslok 2015. Almennt þykir eðlilegt viðmið að veltufjárhlutfall sé að jafnaði ekki lægra en 1,0.

4.2.2 Eignir A hluta

- Heildareignir A hluta námu 154.480 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 152.218 millj. kr. í árslok 2014 sem er hækkun um 1,5% á milli ára.
- Veltufjárhlutfall A hluta er 1,18 í árslok 2015. Árið áður var veltufjárhlutfallið 1,31.

Eignir A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Óefnislegar eignir	1.366.036	1.333.728	2,4%
Leigðar eignir	7.653.336	7.647.709	0,1%
Fjárfestingaeignir	53.494.476	46.964.975	13,9%
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	404.846.991	391.226.256	3,5%
Áhættufjármunir og langtímakröfur ...	13.764.526	18.043.991	(23,7%)
Birgðir	962.988	760.558	26,6%
Óinnh. skatttekjur og viðsk.kröfur	13.539.374	11.960.298	13,2%
Aðrar skammtímakröfur	13.207.255	3.581.519	268,8%
Bundnar bankainnstæður	554.381	3.000.144	
Handbært fé	16.170.503	19.877.287	(18,6%)
Eignir samtals	<u>525.559.866</u>	<u>504.396.465</u>	4,2%

Eignir A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Leigðar eignir	7.653.336	7.647.709	0,1%
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	107.627.557	104.690.758	2,8%
Áhættufjármunir og langtímakröfur ...	21.557.757	22.390.968	(3,7%)
Óinnh. skatttekjur og viðsk.kröfur	8.335.070	6.909.967	20,6%
Aðrar skammtímakröfur	3.709.253	2.573.549	44,1%
Handbært fé	5.596.949	8.004.670	(30,1%)
Eignir samtals	<u>154.479.922</u>	<u>152.217.622</u>	1,5%

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 43 til 49 í ársreikningi sem taka til einstakra eiginfjár- og skuldaliða í efnahagsreikningi

4.2.3 Eigið fé og skuldir A og B hluta

- Eigið fé A og B hluta nam 224.007 millj. kr. í árslok 2015, en þar af nam hlutdeild minnihlutaeigenda í B hluta fyrirtækjum 12.700 millj. kr. Eiginfjárlutfall A og B hluta er 42,6% í árslok 2015 samanborið við 43,1% í árslok 2014.
- Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt efnahagsreikningi námu 301.553 millj. kr. í árslok 2015 fyrir A og B hluta, samanborið við 287.145 millj. kr. í árslok 2014 og nemur hækkunin 14.408 millj. kr. eða 5%.
- Skuldbindingar hækka um 82,3% á milli ára eða um 15.531 millj. kr. Lífeyrisskuldbinding hækkar um 12.427 millj. kr., sjá nánari umfjöllun í skýringu 44 og í kafla 5 hér á eftir.
- Langtímaskuldir og leiguskuldir í árslok 2015 námu alls 206.300 millj. kr. hjá A og B hluta, en auk þess eru næsta árs afborganir af langtímaskuldum og leiguskuldum samtals 21.442 millj. kr. og eru færðar meðal skammtíma-skulda.

4.2.5 Eigið fé og skuldir A hluta

- Eigið fé A hluta nam 73.778 millj. kr. í árslok 2015 og er eiginfjárlutfallið 47,8%.
- Heildarskuldir og skuldbindingar A hluta námu 80.702 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 64.574 millj. kr. í árslok 2014.
- Langtímaskuldir námu alls 39.855 millj. kr. auk 1.991 millj. kr. næsta árs afborgana langtímalána og leiguskulda.
- Skammtímaskuldir A hluta námu 14.995 millj. kr. í árslok 2015, samanborið við 13.314 millj. kr. árið áður.

Eigið fé og skuldir A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Eiginfjárreikningar	224.007.129	217.251.919	3,1%
Skuldbindingar	34.406.414	18.875.696	82,3%
Skuldir við lánastofnanir	194.179.918	210.310.407	(7,7%)
Leiguskuldir	12.119.302	11.755.749	3,1%
Afleiðusamningar	13.415.735	4.219.889	217,9%
Skammtímaskuldir	47.431.368	41.982.805	13,0%
Eigið fé og skuldir samtals	<u>525.559.866</u>	<u>504.396.465</u>	4,2%

Eigið fé og skuldir A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Eiginfjárreikningur	73.777.863	87.644.054	(15,8%)
Lífeyrisskuldbinding	25.851.628	13.446.896	92,2%
Skuldir við lánastofnanir	27.735.826	26.057.138	6,4%
Leiguskuldir	12.119.302	11.755.749	3,1%
Skammtímaskuldir	14.995.304	13.313.785	12,6%
Eigið fé og skuldir samtals	<u>154.479.922</u>	<u>152.217.622</u>	1,5%

Nánari greiningu er að finna
á bls. 8 í ársreikningi

4.3.1 Sjóðstreymisýfirlit A og B hluta

- Veltufé frá rekstri A og B hluta samkvæmt sjóðstreymisýfirliti nam 31.138 millj. kr. árið 2015 en var 26.236 millj. kr. árið 2014. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri 27.750 millj. kr. samanbórið við 29.766 millj. kr. á árinu 2014.
- Fjárfesting umfram sölu eigna A og B hluta nam á árinu 16.830 millj. kr. samanbórið við 15.943 millj. kr. árið 2014.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins fyrir A og B hluta eru 14.501 millj. kr. (útborganir umfram innborganir) sem greinast meðal annars í nýja lántöku á árinu að fjárhæð 3.002 millj. kr., samanbórið við 9.247 millj. kr. árið áður og afborganir af langtímaskuldum og leigusuldum að fjárhæð 17.896 millj. kr., samanbórið við 24.526 millj. kr. árið áður.
- Handbært fé lækkaði um 3.581 millj. kr. á árinu og nam það 16.171 millj. kr. í árslok 2015. Bundnar bankainnstæður eru sérgreindar í efnahagsreikningi sveitarfélagsins og námu 554 millj. kr. Handbært fé, með bundnum bankainnstæðum, er samtals 16.725 millj. kr. í árslok 2015.

4.3.2 Sjóðstreymisýfirlit A hluta

- Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti 2015 nam veltufé frá rekstri A hluta 5.212 millj. kr. á árinu 2015 samanbórið 4.502 millj. kr. á árinu 2014. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A hluta 2.702 millj. kr. samanbórið við 4.472 millj. kr. á árinu 2014
- Handbært fé frá rekstri lækkar á milli ára meðal annars vegna hærri stöðu óinnheimtra tekna og krafna í árslok 2015 samanbórið við fyrra ár.
- Fjármögnunarahreyfingar A hluta eru 1.060 millj. kr. (innborganir umfram útborganir) en viðsnúningurinn stafar aðallega af lægri fjárhæð afborgana langtímalána. Afborganir langtímalána námu 1.237 millj. kr. samanbórið við 2.929 millj. kr. árið áður.

Sjóðstreymisýfirlit A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Veltufé frá rekstri	31.137.782	26.235.565
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(3.387.965)	3.530.426
Handbært fé frá rekstri	27.749.817	29.765.990
Fjárfestingarhreyfingar	(16.830.295)	(15.943.269)
Fjármögnunarahreyfingar	(14.500.991)	(15.014.978)
Breyting á handbæru fé	(3.581.469)	(1.192.256)

Sjóðstreymisýfirlit A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Veltufé frá rekstri	5.211.706	4.501.576
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(2.509.930)	(29.702)
Handbært fé frá rekstri	2.701.776	4.471.874
Fjárfestingarhreyfingar	(6.169.978)	(5.427.488)
Fjármögnunarahreyfingar	1.060.481	(812.038)
Breyting á handbæru fé	(2.407.721)	(1.767.652)

Sveitarstjórnarlög
nr. 138/2011

Lög um bókhald
nr. 145/1994

Lög um ársreikninga
nr. 3/2006

Reglugerð nr. 1212/2015

5.1.1 Almennt um reikningsskilaaðferðir

- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996, að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga byggja á almennum reikningsskilaaðferðum.
- Markverðar breytingar frá eldri reglugerð eru tengdar útfærslu á gerð viðauka við fjárhagsáætlanir, gerð yfirlits um ábyrgðir og skuldbindingar utan samstæðu, breytingar á framsetningu ársreikninga og fjárhagsáætlana og endurskoðaðri framsetningu bókhalslykla.
- Framsetning ársreiknings Reykjavíkurborgar hefur tekið breytingum í samræmi við ákvæði nýju reglugerðarinnar en þar má meðal annars nefna lítilsháttar breytingu á yfirliti um lykiltölur fyrir síðustu fimm ár sbr. skýringar 64 og 65 í ársreikningi.
- Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.
- Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum í skýringu 2 til 23 í ársreikningi.

5.1.2 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS)

- Innifalið í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru ársreikningar Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf. sem eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf. eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta.
- Það helsta sem er frábrugðið þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru í A hluta er:
 - Hluti varanlegra rekstrarfjármuna eru endurmetnir til gangvirðis.
 - Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði
 - Aðrir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði.
 - Eignarhlutir í félögum eru færðir á gangvirði.
 - Leigusamningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna höfuðstöðva fyrirtækisins er færður sem rekstrarleigusamningur.

Sveitarstjórnarlög
nr. 138/2011

Lög um bókhald
nr. 145/1994

Lög um ársreikninga
nr. 3/2006

Reglugerð nr. 1212/2015

5.1.3 Samræmi við reikningsskil sveitarfélaga

- Reikningsskilaaðferðir sveitarfélagsins eru í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskil sveitarfélaga. Þó er álitamál hvort meðhöndlun leigusamninga B hluta fyrirtækja í samanteknum ársreikningi A og B hluta samræmist reikningsskilaaðferðum sveitarfélaga.
- Á það skal bent að í ársreikningi A og B hluta Reykjavíkurborgar er leigusamningur Orkuveitunnar um höfuðstöðvar fyrirtækisins ekki færður í samræmi við álit 1/2010 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga. Samkvæmt álitinu skulu sveitarfélög meðhöndla samninga af þessu tagi sem fjármögnunarleigusamning í reikningsskilum sínum, en þá er hin leigða eign færð til eignar og leiguskuld til skuldar í efnahagsreikningi.
- Álitid gildir um reikningsskil sveitarfélaga, en ekkert kemur fram um að reikningsskilaaðferðin nái ekki til leigusamninga B hluta í samanteknum reikningsskilum A og B hluta.
- Sambærilegir samningar A hluta eru meðhöndlaðir í samræmi við framangreint álit. Rökstuðningur stjórnenda fyrir þessari meðferð byggir á þeirri meginreglu sveitarfélagsins að taka ársreikninga B hluta fyrirtækja óbreytta inn í ársreikning A og B hluta. Leigusamningurinn er því færður í ársreikning A og B hluta sveitarfélagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.
- Í skýringu 59 í ársreikningnum koma fram nánari upplýsingar um framangreindan leigusamning. Þar koma meðal annars fram upplýsingar um hvaða áhrif það hafi á ársreikning A og B hluta ef samningurinn er meðhöndlaður í samræmi við álit 1/2010.

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 29 til 39 í ársreikningi sem taka til fastafjármuna í efnahagsreikningi

5.2.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir fyrir A og B hluta námu 465.995 millj. kr. í árslok 2015 eða um 88,7% af heildareignum sveitarfélagsins.
- Varanlegir rekstrarfjármunir eru almennt færðir til eignar á afskrifuðu kostnaðarverði.
- Lóðir og lendum eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendum eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi og endurmat er fært á eiginfjárreikning. Lóðir og lendum sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.
- Endurmat lóða og lenda er fært í samræmi við álit 2/2010 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga en samkvæmt því skulu þessar eignir endurmetnar ef gangvirði þeirra hefur breyst sem nemur 5% frá bókfærðu verði. Gangvirðið er ákvarðað út frá núvirði framtíðarleigutekna og er afvöxtunarsuðull 5%. Gangvirði lóða og lenda er óbreytt á milli ára.
- Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur og varanlegir rekstrarfjármunir Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. eru færðir til gangvirðis og endurmat fært á eiginfjárreikning. Rekstrarfjármunir Íþrótt- og sýningarhallarinnar voru endurmetnir í árslok 2015 til hækkunar um 71 millj. kr. Rekstrarfjármunir allra miðla Orkuveitunnar nema rafmagns- og heitavatnsframleiðslu voru endurmetnir í árslok 2015 sem leiddi til hækkunar um 10,3 milljarða kr. Eftir endurmat rekstrarfjármuna Orkuveitunnar stóðust allir miðlar virðisrýrnunarpróf og er umframvirði töluvert hjá veitum og heitavatnsframleiðslu en virðisrýrnunarpróf rafmagnsframleiðslu er næmt fyrir breytingum á forsendum. Ef að ávöxtunarkrafa hækkar um 0,04 prósentustig en öðrum forsendum er haldið óbreyttum reiknast virðisrýrnun í rafmagnsframleiðslu 0,5 milljarða kr. Ef að áætluð EBITDA er 1% lægri á ári út áætlunartímabilið en öðrum forsendum er haldið óbreyttum reiknast virðisrýrnun upp á 0,8 milljarða kr. Endurmatið er fært á eigið fé að frádregnum tekjuskatti.
- Eignir í byggingu hjá OR eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og námu alls 9,0 milljörðum kr., þar af verða eignir að fjárhæð 6,9 milljarðar kr. teknar í notkun 2016 eða seldar. Eftir standa eignir að fjárhæð 2,1 milljarður sem stjórnendur telja að ekki hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Vegna áforma um að hætta við kaup á vélum fyrir Hverahlíðavirkjun voru eignir í byggingu niðurfærðar um 1,2 milljarða kr. og gjaldfært í ársreikningi sem virðisrýrnun eigna í byggingu sbr. skýring 32. Eftir niðurfærsluna er bókfært verð þeirra 1,0 milljarður kr. Niðurfærslan byggir á niðurstöðum virðisrýrnunarprófs þar sem sviðsmyndir um afpöntun vélarsamstæðnanna annars vegar og sölu þeirra til þriðja aðila hins vegar voru greindar. Stjórnendur telja að möguleikar séu til tekjuöflunar vegna annarra eigna í byggingu að fjárhæð 2,1 milljarður kr. og meta svo að ekki sé virðisrýrnun til staðar. Við gerum ekki athugasemdir við mat stjórnenda á eignum í byggingu.
- Fjárfestingaeignir eru fasteignir sem eru í eigu Félagsbústaða hf. til að afla leigutekna. Fjárfestingaeignir eru færðar á gangverði. Við mat á gangvirði á fjárfestingaeignum félagsins er stuðst við mat fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands sem var í gildi í árslok 2015. Breytingar á gangvirði fjárfestingaeigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingaeigna í rekstrarreikningi. Matshækkun fjárfestingaeigna á árinu 2015 nam 4.080 millj. kr. sem er um 8,7% hækkun frá fyrra ári.
- Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsejgjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs á upphafsdegi leigusamnings. Orkuveita Reykjavíkur beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) við mat á því hvort eignir sem fyrirtækið leigir eru færðar meðal leigðra eigna sbr. umfjöllun í kafla 5.1.3.

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 29 til 39 í ársreikningi sem taka til fastafjármuna í efnahagsreikningi

5.2.2 Stofnframlög og eignahlutir í félögum

- Í ársreikningi A hluta eru eignarhlutir í félögum færðir á kostnaðarverði. Í ársreikningi A og B hluta eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð, eignarhlutir tiltekinna B hluta fyrirtækja er færður á gangvirði, en aðrir eignarhlutir á kostnaðarverði.
- Stofnframlög og eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 5.333 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2015 en námu 4.916 millj. kr. í árslok 2014 og hafa því hækkað um 418 millj. kr. á milli ára.
- Hlutfé Félagsbústaða var aukið um 210 millj. kr. á árinu vegna stækkunar eignasafns þess á árinu 2015 sem samsvarar 10% áætluðu stofnverði 100 nýrra íbúða.
- Í ársreikningi A og B hluta er eignfærður eignarhlutur A hluta í B hluta fyrirtækjum jafnaður út, en viðkomandi fyrirtæki eru færð í samstæðu A og B hluta.
- Stærstu eignarhlutir sveitarfélagsins eru 17,5% eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem bókfærður er á 1.548 millj. kr. og 6,8% eignarhlutur í Landsneti hf. sem er bókfærður á 2.845 millj. kr. í árslok 2015. Eignarhluturinn í Landsneti er færður á gangvirði og eru gangvirðisbreytingar færðar yfir eigið fé. Gangvirðishækkun á árinu nam 685 millj. kr.
- Eignarhlutur í Jörundi ehf. var að fullu færður niður á árinu eða um 232 millj. kr. Félagið seldi fasteignir sínar á árinu og fyrirhugað er að hætta rekstri.



Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 29 til 39 í ársreikningi sem taka til fastafjármuna í efnahagsreikningi

5.2.3 Langtímakröfur

- Aðrar langtímakröfur A og B hluta námu alls 12.001 millj. kr. í árslok, en þar af eru næsta árs afborganir að fjárhæð 9.512 millj. kr. færðar meðal veltufjármuna. Langtímakröfur námu 10.336 millj. kr. í árslok 2014, en þar af voru næsta árs afborganir að fjárhæð 591 þús. kr.
- Skuldabréf útgefið af Magma Energy Sweden eignaðist Orkuveita Reykjavíkur vegna viðskipta með eignarhluti í HS Orku hf. á árinu 2009. Skuldabréfið er gefið út í USD og ber 1,5% vexti. Um er að ræða eingreiðslulán með gjalddaga 14. desember 2016. Skuldabréfið er tryggt með veði í hlutabréfum í HS Orku hf. og er eignfært á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þættir sem hafa áhrif á gangvirði bréfsins eru álverð, gengi, vextir, áhættuálag og tími. Bókfært verð skuldabréfsins í árslok 2015 nemur 8.713 millj. kr. og er fært á meðal veltufjármuna. Árið áður var bókfært verð skuldabréfsins fært á meðal fastafjármuna.
- Langtímakröfur Eignasjóðs á nokkra aðila vegna lóðaúthlutana nema 3.816 millj. kr. í árslok 2015, án tillits til niðurfærslu. Vegna óstöðugleika í efnahagsumhverfi og að samþykkt deiliskipulag liggur ekki fyrir þá ríkir töluverð óvissa um hvenær þessar kröfur muni innheimtast. Í ársreikningi 2015 er færð varúðarniðurfærsla vegna þessar krafna að fjárhæð 1.795 millj. kr. og er það óbreytt niðurfærsla frá árinu áður. Við höfum farið yfir mat stjórnenda og gerum ekki athugasemdir.

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 29 til 39 í ársreikningi sem taka til veltufjármuna í efnahagsreikningi

5.3.1 Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

- Útsvar og fasteignaskattur ársins 2015 nam 68.861 millj. kr. samanbörð við 64.324 millj. kr. árið 2014. Það svarar til 7,1% hækkunar á milli ára. Í rekstrarreikningi A og B hluta hefur fasteignaskattur sem lagður er á eignir í B hluta verið jafnaður út og er því tekjufærslan lítillega hærri í A hluta, samanber skýring 24.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar skatttekjur og aðrar viðskiptakröfur 13.539 millj. kr. í árslok 2015 samanbörð við 11.960 millj. kr. árið áður. Þar af er óinnheimt staðgreiðsla vegna ársins 2015 að fjárhæð 4.711 millj. kr. sem greidd er til sveitarfélagsins í upphafi árs 2016 en árið áður var þessi fjárhæð 4.093 millj. kr.
- Eftirá álagt útsvar er til innheimtu hjá innheimtumanni ríkissjóðs og nema eftirstöðvar í árslok samkvæmt yfirliti frá Fjársýslu ríkisins 6.173 millj. kr. án áfallinna dráttarvaxta. Óbein niðurfærsla vegna þessara krafna nam 5.700 millj. kr. í árslok 2015 eða 92,3% af eftirstöðvum útsvars. Óbein niðurfærsla vegna óinnheimtra fasteignagjalda nemur 13 millj. kr.
- Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, eða vegna lækkana skattstjóra og er hann dreginn frá óinnheimtum skatttekjum í árslok í efnahagsreikningi.
- Á meðal óinnheimtra skatttekna og annarra viðskiptakrafna er krafa á Hörpu ohf. vegna ógreiddra fasteignagjalda frá árinu 2015 að fjárhæð 335 millj. kr. Hæstiréttur hefur ógilt úrskurð yfirfasteignamatsnefndar frá árinu 2012 þar sem staðfest var ákvörðun Þjóðskrár um fasteignamat Hörpu ohf. frá árinu 2011. Samkvæmt stjórnendum felldi Þjóðskrá í framhaldinu úr gildi fasteignamat Hörpu ohf. til dagsins í dag og tilkynnti jafnframt að Þjóðskrá muni endurskoða fasteignamatið frá árinu 2011 til og með 2016. Mikil óvissa er um hvert hið nýja fasteignamat verður. Það er mat stjórnenda að við þessar aðstæður sé ekki unnt að meta hvort kröfur vegna vangreiddra fasteignagjalda Hörpu í fjárhagsbókhaldi sveitarfélagsins séu van- eða ofmetnar. Að okkar mati er greint með viðeigandi hætti frá þessari óvissu í ársreikningi.

- Stjórnendur sveitarfélagsins hafa lagt mat á innheimtanleika annarra skammtímakrafna. Óbein niðurfærsla skammtímakrafna annarra en útsvars og fasteignagjalda nam 187 millj. kr. í árslok 2015.
- Eins og fram kom hér að framan er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í árslok í efnahagsreikningi.
- Við skoðun á aldursgreindum listum viðskiptamanna kom í ljós að fjárhæðir flokkast ekki rétt á milli tímabila sem gæti haft áhrif á matið á niðurfærslunni. Við teljum þetta ekki geta valdið verulegri skekkju í ársreikningi sveitarfélagsins en teljum samt sem áður mikilvægt að aldursgreindir listar verði lagfærður svo að þeir nýtist stjórnendum betur við eftirlit með innheimtu viðskiptakrafna og við matið á þeim.

Nánari greiningu er að finna í skýringum nr. 44 og 45 í ársreikningi sem tekur til lífeyrisskuldbindingar

5.4.1 Lífeyrisskuldbinding

- Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Lífeyrisskuldbindingin nam 28.488 millj. kr. í árslok 2015 og nemur hækkun skuldbindingarinnar að frádregnum greiddum lífeyri á árinu 12.861 millj. kr. sbr. skýringu 44 í ársreikningi 2016. Gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindingar nemur 14.666 millj. kr. Framlag til lífeyrisgreiðslna ársins nam 1.805 millj. kr. og er það fært til lækkunar á skuldbindingunni
- Rétt er að árétta, líkt og umfjöllun í skýringu 44 í ársreikningi ber með sér, að tvær breytingar eru gerðar í tengslum við mat á áfallinni skuldbindingu A hluta í árslok 2015 frá forsendum við mat fyrra árs. Annars vegar er stuðst við dánar- og lífslíkur í samræmi við tillögu Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga, sem kom fram á árinu 2015. Sú tillaga felur í sér að við útreikninga er miðað við áframhaldandi lækkun dánartíðni og eru áhrif þessa veruleg eða sem nemur 6.509 millj. kr. til hækkunar á skuldbindingu. Hins vegar er tekið mið af kjarasamningshækkunum sem komu fram undir lok árs 2015. Áhrif þess eru 1.580 til hækkunar á skuldbindingu.
- Í skýringu 44 í ársreikningi eru birtar upplýsingar um áætlaðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar á næstu árum. Við útreikning á skuldaviðmiði er tekið tillit til þessara upplýsinga.
- Lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikning á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2015. Við matið hefur verið tekið tillit til framangreindra breytinga á forsendum úttektar.
- Lífeyrisskuldbinding er að langmestu leyti vegna lífeyrisréttinda starfsmanna A hluta í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar, eða 27.920 millj. kr. Í B hluta bætist við skuldbinding vegna starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur í öðrum réttindatengdum lífeyrissjóðum, samtals 568 millj. kr.

5.4.2. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar.

- Samkvæmt úttekt tryggingastærðfræðings sjóðsins nemur heildarskuldbinding 97.527 millj. kr. í árslok 2015 en eignir til greiðslu lífeyris nema 69.236 millj. kr. Skuldbinding umfram eignir sjóðsins nemur því 28.291 millj. kr. Eignir standa því undir 71% af brúttó skuldbindingu sjóðsins miðað við gefnar forsendur sem getið hefur verið um.
- Nokkrir aðilar utan samstæðu Reykjavíkurborgar eiga aðild að sjóðnum. Hluti þeirra í skuldbindingunni nemur 371 millj. kr. Skuldbindingunni er skipt milli launagreiðenda í samræmi við áunnin réttindi starfsmanna og eru eignir sjóðsins færðar hlutfallslega til lækkunar á skuldbindingu hvers og eins launagreiðanda.
- Aðalsjóður greiddi á árinu 2007 inn á lífeyrisskuldbindingu vegna sölu á eignarhlut í Landsvirkjun. Lífeyrissjóðurinn heldur þeirri innborgun aðgreindri frá öðrum eignum sjóðsins við útreikning á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur greitt framlag til lífeyrisgreiðslna í samræmi við samþykktir sjóðsins. Framlagið er ákvarðað ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum til lífeyrisþega.
- Gjaldfærð hækkun er talsvert umfram fjárhagsáætlun. Það skýrist einkum af því að vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 9% á árinu sem er mun meira en gert var ráð fyrir í forsendum fjárhagsáætlunar. Flestir starfsmenn sem hafa réttindi í sjóðnum eru með verðtryggð réttindi.

5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

5.5 Skuldir og aðrar skuldbindingar

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 46 til 50 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi

5.5.1 Skuldir við lánastofnanir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 214.897 millj. kr. í árslok. Þar af eru 194.180 millj. kr. færðar meðal langtímaskulda en næsta árs afborganir að fjárhæð 20.717 millj. kr. eru færðar meðal skammtímaskulda. Skammtímaskuldir við lánastofnanir eru 1.114 millj. kr. Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir nema alls 42,8% af heildareignum sveitarfélagsins samanborið við 46,1% árið áður.
- Lánasafn sveitarfélagsins greinist þannig:
 - 56,5% eru gengistryggð lán, sem bera 0,00% - 1,74% vexti.
 - 41,8% eru verðtryggð lán, sem bera 2,00% – 6,45% vexti.
 - 1,7% eru óverðtryggð lán sem bera 6,29% – 8,45% vexti.
- Gengistryggð lán eru færð í efnahagsreikning í árslok í samræmi við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok. Þróun á gengi íslensku krónunnar gagnavart erlendum gjaldmiðlum á árinu var hagstætt m.t.t. gengistryggðra lána sveitarfélagsins.
- Verðbólga var heldur meiri á árinu 2015 en á árinu 2014 og nam ársbreyting vísitölu neysluverðs um 2,0% á árinu miðað við 1,0% á fyrra ári.
- Vaxtagjöld og verðbætur á árinu námu 7.719 millj. kr. samanborið við 6.746 millj. kr. árið áður. Hækkunin skýrist að mestu af hærri verðbólgu á árinu.
- Áætlaðar afborganir A og B hluta af langtímalánum á árinu 2016 eru 20.717 millj. kr. og í því sambandi má benda á að veltufé frá rekstri sveitarfélagsins nam 31.138 millj. kr. á árinu 2015. Veltufé frá rekstri er til lengri tíma ætlað að standa undir afborgunum langtímalána og annarra skuldbindinga, auk þess að ganga upp í fjárfestingar.
- Gerðir hafa verið áhættuvarnarsamningar til að minnka fjárhagslega áhættu og draga úr sveiflum í rekstri sveitarfélagsins. Um er að ræða vaxta-, gjaldeyris- og álverðsskiptasamninga. Samningarnir eru metnir á gangvirði sem er byggt á skráðu markaðsverði ef það er til en annars er gangvirði fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

5.5.2 Leiguskuldir

- Leiguskuldir vegna húsaleigusamninga eru 12.844 millj. kr. í árslok og skiptast í langtímahluta að fjárhæð 12.119 millj. kr. og skammtímhlaða að fjárhæð 725 millj. kr.
- Leigugreiðslur eru færðar í ársreikninginn þannig að hluti greiðslunnar fer til lækkunar á leiguskuld, hluti færast sem vaxtagjöld og hluti sem rekstrarkostnaður. Skiptingu á heildarleigugreiðslum ársins og nánari upplýsingar um leiguskuldir má sjá í skýringu 47 í ársreikningi.

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 46 til 50 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi

5.5.3 Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

- Tekjuskattur þeirra B hluta fyrirtækja sem eru tekjuskattsskyld er reiknaður og færður í ársreikninginn. Mismunur í skattalegu uppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar leiðir til þess að annað hvort myndast tekjuskattseign eða tekjuskattsskuldbinding.
- Orkuveita Reykjavíkur og hluti af dótturfélögum þess, SHS fasteignir sem er dótturfélag Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Íþrótt- og sýningahöllin hf. Jörundur ehf. og Malbikunarstöðin Höfði hf. eru öll tekjuskattsskyld. Tekjuskattshlutfall þessara félaga er 20% fyrir utan Orkuveitu Reykjavíkur sem er með 36% skatthlutfall.
- Skattalegt tap skattskyldra fyrirtækja í B hluta nam samtals 18.644 millj. kr. í lok árs 2015 þar af er skattalegt tap samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 17.278 millj. kr. Skattalegt tap samstæðunnar í lok árs 2014 nam samtals 36.265 millj. kr. Skatteign vegna skattalegs taps samstæðunnar er færð til eignar í efnahagsreikningi á 3.879 millj. kr.
- Eignfærsla vegna skattalegs taps er aðeins heimil ef líkur eru á að tapið nýtist til frádráttar frá skattalegum hagnaði. Skattalegt tap er nýtanlegt í 10 ár eftir að það myndast. Vegna varúðarsjónarmiða er hluti af tekjuskattseigninni eða 224 millj. kr. færð niður í ársreikningi SHS fasteigna, Jörundar og Gagnaveitunnar þar sem óvíst er að félaginu takist að nýta allt yfirfæranlegt skattalegt tap. Á árinu 2015 voru eignir Jörundar seldar og því enginn rekstur í félaginu. Félagið kemur því ekki til með að nýta yfirfæranlegt tap félagsins að fjárhæð 119 millj. kr.
- Stjórnendur hinna fyrirtækjanna hafa gert áætlanir um skattalega afkomu byggt á samþykktum áætlum félaganna og borið þær saman við skattalega tapið. Samkvæmt því mun tapið nýtast áður en það fyrnist og því ekki ástæða til að niðurfæra skatteignina hjá þeim. Við teljum þessa niðurstöðu eðlilega.
- Hluti tapsins hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur eða 12.446 millj. kr. er nýtanlegt til ársins 2018 og 4.831 millj. kr. er nýtanlegt til ársins 2019. Heimilt er að hækka skattaleg afskriftahlutföll til að auka yfirfæranlegt skattalegt tap og fresta þannig skattgreiðslum félaganna. Samkvæmt lögum um tekjuskatt eru fyrningar rekstrarfjármuna heimilaðar á ákveðnu bili en til þessa hefur Orkuveita Reykjavíkur notast við lágmarksafskriftarhlutföll.
- Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2014 voru leiðréttar vegna leiðréttingar á skiptingu á skattalegum rekstrarfjármunum á milli félaga í samstæðu Orkuveitunnar. Leiðréttingin hefur þau áhrif að Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding hækkar um 338 millj. kr. vegna mismunandi skatthlutfalla í félögum innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 46 til 50 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi

5.5.4 Innbyggðar afleiður

- Innbyggðar afleiður af raforkusölusamningum eru færðar til eignar eða skuldar í efnahagsreikningi á gangvirði og gangvirðisbreyting þeirra færð í rekstrarreikning. Bókfært verð í árslok 2015 var skuld að fjárhæð 13.192 millj. kr. þar af eru 11.095 millj. kr. færðar meðal langtímaskulda og 2.097 millj. kr. á meðal skammtímaskulda. Gangvirðisbreyting ársins nam 10.164 millj. kr. og er færð til gjalda í rekstrarreikningi. Lækkun gangvirðis afleiðanna má fyrst og fremst rekja til lækkunar álverðs á framvirkum markaði.
- Gerðir hafa verið þrír raforkusölusamningar við Norðurál vegna álvers á Grundartanga og einn samningur við Landsnet hf. um flutning á rafmagni. Samningar þessir eru allir til 20 ára. Þá hefur Orkuveitan gert samning við Norðurál um afhendingu raforku sem Norðurál getur nýtt í fyrirhugað álver í Helguvík eða Grundartanga og hefur afhending samkvæmt þeim samningi hafist, en samningurinn er til 25 ára. Raforkusamningar þessir eru gerðir í dollurum og er verð á rafmagni tengt heimsmarkaðsverði á áli.
- Þessir samningar fela í sér innbyggðar afleiður þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Gangvirði þessara afleiða hefur verið metið í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðla IFRS 13 og IAS 39 og er fært í A og B hluta samkvæmt kröfum staðalsins.
- Gangvirði afleiðanna er metið samkvæmt viðurkenndum matsaðferðum. Gangvirði er áætlað út frá mismun á núvirtu greiðslufæði tveggja leggia afleiðusamnings þar sem annar leggurinn skilar föstu greiðslufæði en greiðslufæði hins leggsins byggir á fljótandi álverðskúrfu sem tekur mið af framvirku álverði samninga á upphafsdegi samnings og uppgjörssdegi miðað við framvirkt álverð á virkum markaði fyrir næstu 10 ár og væntingar um verðþróun á áli eftir það byggt á spá CRU sem er óháður matsaðili.

5.5.5 Aðrar skammtímaskuldir

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímaskuldir A og B hluta 12.050 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 10.472 millj. kr. í árslok 2014.
- Á meðal skammtímaskulda er færð skuld Félagsbústaða vegna fasteignakaupa að fjárhæð 1.322 millj. kr. Árið 2016 verða tekin langtímalán til að greiða þessa skammtímaskuld.
- Á meðal skammtímaskulda er færð orlofsskuldbinding að fjárhæð 3.010 millj. kr. vegna áunnins orlofs starfsmanna A hluta sveitarfélagsins. Árið áður nam fjárhæðin 2.738 millj. kr. Við endurskoðun á árinu 2014 kom í ljós að skuldbindingin var áætluð út frá gjaldfærðum launum á orlofsárinu, en ekki miðað við áunninn orlofsrétt hvers og eins starfsmanns. Stjórnendur Fjármálaskrifstofu sveitarfélagsins hafa síðustu misseri komið á bættari skráningu og ut anumhaldi á áunnu orlofi og orlofstöku í kerfi sem kallað er „Vinnustund“. Upplýsingar úr úr því kerfi höfðu ekki verið nýttar við útreikning á áföllnu orlofi. Í endurskoðunarskýrslu okkar frá árinu 2014 bentum við á mikilvægi þess að auka nákvæmni við þennan útreikning og á þann möguleika að nýta upplýsingar úr framangreindu kerfi. Stjórnendur hafa þegar brugðist við ábendingu okkar og er orlofsskuldbindingin nú í fyrsta sinn metin út frá gögnum í Vinnustund sem heldur utan um vinnutíma og orlof allra starfsmanna Reykjavíkurborgar. Vanfærð orlofsskuldbinding í upphafi árs að fjárhæð 230 millj. kr. var færð yfir eigið fé, samanber skýring 43.

Nánari upplýsingar er að
finna í skýringum nr. 51 til 59

5.6.1 Málaferli og kröfur

- Getið er um málaferli og önnur mál í skýringum 54 til 58 í ársreikningi. Leitað hefur verið staðfestinga um stöðu þessara mála frá þeim lögfræðingum sem gætt hafa hagsmuna sveitarfélagsins.

5.6.2 Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

- Gerð er grein fyrir skuldbindingum utan efnahagsreiknings í skýringu 50 til 52 í ársreikningi, auk upplýsinga um leigusamning Orkuveitu Reykjavíkur í skýringu 59. Um er að ræða skuldbindingar vegna rekstrar- og þjónustusamninga og ábyrgðir á tilteknum skuldum vegna kirkjubygginga og Félagsbústaða.
- Á sveitarfélaginu hvíla einnig skuldbindingar vegna B hluta fyrirtækja að fjárhæð 143 millj. kr. í árslok 2015. Þar vegur þýngst ábyrgð vegna Orkuveitu Reykjavíkur.

5.6.3 Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit


- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016 skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á tilteknu formi.

**Heildareignir A og B hluta
í árslok 2015
526 milljarðar kr.**

Heildareignir A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 154.480 millj. kr., en A og B hluta 525.560 millj. kr. Bókfærðar heildareignir sveitarfélagsins hafa á árinu 2015 hækkað um 21.163 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildareignir í milljónum kr. fyrir A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru heildareignir tilgreindar samkvæmt ársreikningum Reykjavíkurborgar, en árin 2016 til 2020 eru birt í samræmi við áætlaða breytingu heildareigna samkvæmt samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Heildareignir í millj. kr.



6.2 Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall í árslok 2015


48% í A hluta

43% í A og B hluta

Eigið fé A hluta nemur samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 73.778 millj. kr. eða 47,8% af heildareignum og eigið fé A og B hluta 224.007 millj. kr., eða 42,6% af heildareignum samkvæmt efnahagsreikningi. Bókfært eigið fé A hluta lækkar á árinu um 13.866 millj. kr. en eigið fé A og B hluta hækkar um 6.755 millj. kr.

Eftirfarandi línurit sýnir eiginfjárlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru eiginfjárlutföllin sýnd samkvæmt ársreikningum viðkomandi ára, en árin 2016 til 2020 samkvæmt áætlaðri breytingu á eiginfjárlutfalli samkvæmt samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Eiginfjárlutfall



6. Fjárhagstaða í árslok og þróun


6.3 Heildarskuldir og skuldbindingar

**Heildarskuldir A og B hluta
í árslok 2015
302 milljarðar kr.**

Skuldir og skuldbindingar A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 80.702 millj. kr., en A og B hluta 301.553 millj. kr. Bókfærðar heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins hafa á árinu 2015 hækkað um 14.408 millj. kr.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í milljónum kr. fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru birt í samræmi við ársreikninga viðkomandi ára, en 2016 til 2020 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Skuldir og skuldbindingar í millj. kr.



6. Fjárhagstaða í árslok og þróun

6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið

Skuldahlutfall A og B hluta er 209,5% í árslok 2015


Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Skuldahlutfall A og B hluta Reykjavíkurborgar samkvæmt ársreikningi er 209,5% í árslok 2015.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2016 til 2020 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldahlutfall




Skuldaviðmið A og B hluta er 97,0% í árslok 2015

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012. Skuldaviðmið A og B hluta Reykjavíkurborgar samkvæmt ársreikningi er 97,0% í árslok 2015.

Við útreikning á skuldaviðmiði skal meðal annars draga frá heildarskuldum núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár og síðar sem og hreint veltufé sé það jákvætt. Einnig eru reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur undanskilin við útreikning á skuldaviðmiðinu í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru skuldir miðaðar við ársreikninga Reykjavíkurborgar fyrir viðkomandi ár, en 2016 til 2020 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á viðmiðinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldaviðmið




Rekstrarjöfnuður 2013-2015 var neikvæður um 824 milljarða kr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Viðmið um jafnvægi í rekstri eru skilgreind nánar í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012. Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur eru undanskilin við útreikning á rekstrarjöfnuði í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Rekstrarjöfnuður Reykjavíkurborgar 2013-2015 var neikvæður um 824 millj. kr. Gangi fyrirbyggjandi áætlanir eftir verður rekstrarjöfnuður A og B hluta sveitarfélagsins neikvæður næstu tvö árin og síðan jákvæður árin þar á eftir.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og hins vegar fyrir samantekinn A og B hluta með og án reikningsskila Orkuveitu Reykjavíkur. Árin 2013, 2014 og 2015 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning viðkomandi árs, en 2016 til 2020 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili, í millj. kr.



Framlegðarhlutfall 2015

(9,6) % í A hluta


14,5 % í A og B hluta

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.

Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að frádrögnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2016 til 2020 í samræmi við áætlaðar niðurstöður í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Framlegðarhlutfall



Til A hluta sveitarfélagsins teljast Aðalsjóður, Eigna- sjóður og Bílastæðasjóður

7.1.1 Aðalsjóður

- Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu leyti fjármögnuð af skatttekjum.
- Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 18.252 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Eigið fé Aðalsjóðs í árlök var 33.307 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins.
- Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld var neikvæð um 22.534 millj. kr. og fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 4.282 millj. kr.

7.1.2 Eignasjóður

- Rekstur Eignasjóðs Reykjavíkurborgar hófst í ársbyrjun 2002 þegar reikningsskilaaðferðum sveitarfélaga var breytt.
- Meginhlutverk Eignasjóðs er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn leigu sem endurspeglar raunkostnað þar sem stofnkostnaði einstakra eigna er dreift á endingartíma þeirra. Þar með er leigutekjum ætlað að standa undir rekstrarkostnaði Eignasjóðs þegar til lengri tíma er litið.
- Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 4.379 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Eigið fé í árlök 2015 var 39.461 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi Eignasjóðs.
- Mikilvægt er að á hverjum tíma sé eftirlit haft með því að leigufjárhæðir endurspegli á hverjum tíma raunkostnað við rekstur eignanna.

7.1.3 Bílastæðasjóður

- Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 238 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Eigið fé Bílastæðasjóðs í árlök var 2.046 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins.



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarstöðin Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.1 Faxaflóahafnir sf.

- Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 964 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015.
- Rekstrartekjur Faxaflóahafna hækkuðu um 119 millj. kr., eða 3,9% samanborið við fyrra ár. Við samanburð milli ára þarf þó að taka tillit til þess að á árinu 2014 var tekjufærður söluhagnaður lóða að fjárhæð 60 millj. kr. Rekstrartekjur hækkuðu um 173 millj. kr., eða 5,8% milli ára að teknu tilliti til söluhagnaðarins.
- Rekstrargjöld hækkuðu um 147 millj. kr., eða 6,0% samanborið við fyrra ár.
- Hækkun fjármagnsgjalda skýrist að mestu af hærri verðbólgu á árinu.
- Faxaflóahafnir seldu lóðir til Reykjavíkurborgar á árinu fyrir um 346 millj. kr. Þessar lóðir höfðu ekki bókfært verið í efnahagsreikningi Faxaflóahafna og tekjufærast því að fullu í rekstrarreikningi Faxaflóahafna sem óreglulegur liður.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 13.942 millj. kr. í árslok 2015 þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 11.025 millj. kr.
- Eigið fé félagsins í árslok nam 12.595 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2015 var 90% samanborið við 89,3% árið áður.
- Eignarhluti sveitarfélagsins í Faxaflóahöfnum sf. í árslok 2015 nemur 75,6%

Faxaflóahafnir sf.

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	3.168.044	3.048.729	3,9%
Rekstrargjöld	(2.548.694)	(2.404.352)	6,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.676)	55	
Óreglulegir liðir	346.292	0	
Rekstrarniðurstaða	963.966	644.432	



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.2 Félagsbústaðir hf.

- Tilgangur félagsins er m.a. rekstur og útleiga á félagslegum íbúðum.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 4.051 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Rekstrarniðurstaða án áhrifa matsbreytinga fjárfestingaagna var neikvæð um 36 millj. kr. á árinu 2015 en var árið áður jákvæð um 285 millj. kr.
- Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2015 námu rekstrartekjur félagsins 3.162 millj. kr. en voru 3.078 millj. kr. árið áður og hafa því hækkað um 2,7%. Hækkun húsaleigutekna skýrist meðal annars af því að húsaleigan breytist í samræmi við vísitölu og hins vegar af betri nýtingu íbúða í leigu frá fyrra ári.
- Hækkun á fjármagnsgjöldum skýrist að mestu af hærri verbólgu á árinu.
- Matshækkun fjárfestingaagna á árinu 2015 nam 4.080 millj. kr. sem er um 8,7% hækkun. Auk matshækkunarinnar er tekjufærður söluhagnaður að fjárhæð 6,4 millj. kr.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 53.885 millj. kr. í árslok 2015 þar af námu fjárfestingaagnir 53.494 millj. kr.
- Hlutfé félagsins í árslok 2015 nemur 2.745 millj. kr. en hlutféð var aukið um 210 millj. kr. vegna stækkunar eignasafns þess á árinu 2015 sem samsvarar 10% af áætluðu stofnverði 100 nýrra íbúða.
- Eigið fé félagsins í árslok nam 21.678 millj. kr. en þar af nam hlutfé 2.745 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2015 var 40,2% samanborið við 36,8% árið áður.
- Félagið er að fullu í eigu sveitarfélagsins.

Félagsbústaðir hf.

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	3.162.462	3.078.482	2,7%
Rekstrargjöld	(1.660.448)	(1.545.526)	7,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.537.784)	(1.248.145)	23,2%
Áhrif fjárfestingaagna	4.086.299	4.428.434	(7,7%)
Rekstrarniðurstaða	4.050.529	4.713.245	



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþrótt og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.3 Íþrótt- og sýningahöllin hf.

- Ársreikningur félagsins inniheldur samstæðu Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. og dótturfélags þess Fasteignafélagsins Laugardals ehf.
- Tilgangur samstæðunnar er rekstur fjölnota íþrótt- og sýningarhúss í Laugardal auk rekstur Laugardalshallar.
- Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 139 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en var árið áður jákvæð um 68 millj. kr.
- Félagið fékk á árinu 2014 endurgreiddar 185 millj. kr. frá Íslandsbanka hf. og SP fjármögnun hf. vegna ólögðra lána. Félagið er að láta vinna greinagerð og endurútreikninga vegna fleiri lánasamninga við Íslandsbanka, en óvíst er hver endanleg fjárhæð þeirrar endurkröfu verður.
- Stjórn félagsins hefur undirritað samrunaáætlun sem miðar að því að fasteignafélagið Laugardalur ehf. verði sameinað félaginu miðað við 1. janúar 2016. Jafnframt fellur þá niður leigusamningur á milli félaganna. Áhvílandi virðisaukaskattskvöð í árslok 2015 nam um 62 millj. kr. og var hún greidd upp í febrúar 2016. Fjárhæðin er gjaldfærð í rekstri félagsins á árinu 2015.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 2.862 millj. kr. í árslok 2015 þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 2.528 millj. kr. eða 88,3% af heildareignum félagsins. Fasteign félagsins er færð á gangvirði, en endurmat í árslok leiddi til hækkunar um 71 millj. kr. Endurmat er fært til hækkunar á eigin fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa.
- Eigið fé félagsins í árslok nam 585 millj. kr. Eiginfjárhlutfallið í árslok 2015 var 20,4% samanborið við 23,1% árið áður.
- Félagið er í jafnri eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins.

Íþrótt- og sýningahöllin hf.

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	341.623	344.632	(0,9%)
Rekstrargjöld	(347.914)	(334.868)	3,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(104.592)	75.037	(239,4%)
Óregluleg gjöld	(61.908)	0	
Tekjuskattur	34.214	(16.968)	
Rekstrarniðurstaða	<u>(138.577)</u>	<u>67.832</u>	

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþrótt og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.4 Malbikunarstöðin Höfði hf.

- Aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla, útlagning og sala á malbiki og steinefnum til vegagerðar.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 107 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en var jákvæð á árinu 2014 um 18 millj. kr.
- Rekstrartekjur félagsins hækkuðu um 457 millj. kr., eða 36,3% samanborið við fyrra ár. Hækkunin skýrist af stóru verkefni um vetrarþjónustu ásamt aukinni framleiðslu á malbiki, en á árinu 2015 nam framleiðsla malbiks 77 þús. tonnum samanborið við 60 þús. tonn árið áður.
- Rekstrargjöld hækkuðu um 347 millj. kr., eða 28,2% samanborið við fyrra ár.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 1.186 millj. kr. í árslok 2015 þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 590 millj. kr. eða 49,7% af heildareignum félagsins.
- Eigið fé félagsins í árslok nam 1.034 millj. kr. Eiginfjárhlutfallið í árslok 2015 var 87,1% samanborið við 85,4% árið áður.
- Félagið er að fullu í eigu Reykjavíkurborgar og Aflvaka hf., en 1% eignarhluti er í eigu Aflvaka hf.

Malbikunarstöðin Höfði hf.

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	1.716.138	1.259.220	36,3%
Rekstrargjöld	(1.573.838)	(1.227.404)	28,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(8.694)	(8.904)	(2,4%)
Tekjuskattur	(27.027)	(5.216)	
Rekstrarniðurstaða	106.579	17.697	



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.5 Orkuveita Reykjavíkur

- Samstæðuársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur hefur að geyma ársreikning Orkuveitunnar og dótturfélaga hennar. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 4.176 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en niðurstaðan árið 2014 var jákvæð um 8.871 millj. kr.
- Rekstrartekjur félagsins hækkuðu um 1.831 millj. kr., eða 4,8% samanborið við fyrra ár. Til lækkunar á tekjum 2014 var færð afskrift á kröfu vegna samkomulags við Norðurál að fjárhæð um 500 millj. kr.
- Rekstrargjöld hækka um 13,6% aðallega vegna hækkunar launakostnaðar og orkukaupa.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur hækka um 6,0 milljarða kr. sem skýrist m.a. af 6,7 millj. kr. hærri gjaldfærslu gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiðna.
- Tekjufærður tekjuskattur var 16% af hagnaði fyrir skatta. Meginástæðan fyrir tekjufærðum tekjuskatti er áhrif af gjaldfærslu á gangsvirðisbreytingum innbyggðra afleiðna sem eru í 36% skatthlutfalli samanborið við afkomu dótturfélaga sem eru í lægri skatthlutfalli eða 20% og óskattskyld.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir fyrirtækisins 310.990 millj. kr. í árslok 2015, en þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 278.311 millj. kr.
- Eigið fé fyrirtækisins í árslok nam 114.771 millj. kr. Eiginfjárhlutfallið í árslok 2015 var 36,9% samanborið við 33,2% árið áður.
- Eignarhluti sveitarfélagsins í fyrirtækinu nemur 93,5%.

Orkuveita Reykjavíkur

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	40.356.862	38.525.887	4,8%
Rekstrargjöld	(25.929.300)	(22.833.355)	13,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(10.839.229)	(4.817.821)	125,0%
Tekjuskattur	587.267	(2.004.170)	(129,3%)
Rekstrarniðurstaða	4.175.600	8.870.541	



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþrótt og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.6 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

- Ársreikningurinn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) hefur að geyma samstæðureikning SHS, og dótturfélaganna SHS fasteigna og Almanna- og Almannavarna höfuðborgarsvæðisins.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 340 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en var jákvæð á árinu 2014 um 3 millj. kr.
- Rekstrartekjur SHS hækkuðu um 274 millj. kr., eða 12,8% samanborið við fyrra ár. Tekjur frá eigendum hækkuðu um 58 millj. kr. Tekjur vegna sjúkraflutninga hækkuðu um 209 millj. kr. frá árinu 2014. Hækkunin skýrist af nýjum samning sem tók gildi 1. janúar 2015 en með þeim samning var hækkað bæði grunngjald þjónustunnar og greiðslur fyrir hvern flutning.
- Rekstrargjöld hækkuðu um 207 millj. kr. eða 10% aðallega vegna hækkunar launakostanaðar.
- Í desember 2015 var Lánasjóður sveitafélaga dæmdur til að greiða SHS 246 millj. kr. með áföllnum dráttarvöxtum vegna ólöglegs gengistryggs lán sem SHS hafði greitt upp af kröfu Lánasjóðsins. Greiðslan hefur verið innheimt og er tekjufærð meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi ársins.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir 2.564 millj. kr. í árslok 2015, en þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 1.997 millj. kr. eða 78%.
- Eigið fé SHS í árslok nam 1.642 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2015 var 64% samanborið við 54% árið áður.
- Eignarhluti sveitarfélagsins í stofnfé SHS nemur 60,8%.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	2.411.892	2.138.047	12,8%
Rekstrargjöld	(2.297.387)	(2.088.919)	10,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	236.877	(35.587)	(765,6%)
Tekjuskattur	(11.508)	(10.421)	10,4%
Rekstrarniðurstaða	339.874	3.120	



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.7 Sorpa bs.

- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 417 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en var jákvæð um 197 millj. kr. árið 2014.
- Rekstrartekjur Sorpu hækkuðu um 370 millj. kr., eða 15,1% samanborið við fyrra ár. Tekjur aukast vegna magnaukningar og hækkunar gjaldskrár.
- Rekstrargjöld hækkuðu um 112 millj. kr., eða 4,9% samanborið við fyrra ár aðallega út af launakostnaði sem hækkaði í kjölfar kjarasamninga og nýs starfsmats.
- Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda eru á árinu 2014 tekjufærðar 50 millj. kr. vegna endurútreiknings gengistryggðra lána.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir 2.718 millj. kr. í árslok 2015 þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 1.450 millj. kr. eða 53%.
- Eigið fé í árslok nam 1.775 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2015 var 65% samanborið við 59% árið áður.
- Sorpa á 100% eignarhlut í Metan ehf. Sorpa hefur ekki gert samstæðureikningsskil þar sem eignarhluturinn hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samlagsins, en við slíkar aðstæður er heimilt skv. lögum nr. 3/2006 um ársreikninga að halda dótturfélagi utan samstæðu.

Sorpa bs.

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	2.814.158	2.444.433	15,1%
Rekstrargjöld	(2.409.832)	(2.298.262)	4,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12.286	50.449	
Rekstrarniðurstaða	416.613	196.620	

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.8 Strætó bs.

- Rekstrarniðurstaða var jákvæð á árinu 2015 um 23 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi, en var jákvæð um 370 millj. kr. árið áður.
- Rekstrartekjur hækkuðu um 1.718 millj. kr. eða 32,9% samanborið við fyrra ár sem skýrist fyrst og fremst af því að nú eru tekjur vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra að fjárhæð 1.334 millj. kr. færðar á meðal tekna og gjalda en árið áður var þessum tekjum og gjöldum að fjárhæð 1.031 millj. kr. jafnað saman í samræmi við fyrri reikningsskilaaðferðir Strætó. Rekstrartekjur Strætó án tekna af ferðþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra hækkuðu um 383 millj. kr. eða 7,3% samanborið við fyrra ár. Hækkunin skýrist m.a. af því að fargjaldatekjur og rekstrarframlög eigenda hækkuðu frá fyrra ári.
- Rekstrargjöld án verktakakostnaðar vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra hækkaði um 735 millj. kr. eða 15,1% samanborið við fyrra ár. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 566 millj. kr. sem skýrist fyrst og fremst af auknum akstri, mikilli yfirvinnu, fjölgun stöðugilda vegna leiðréttingar á leiða- og vaktkerfi, uppgjöri á starfsmati og kjarasamningshækkunum.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir 2.667 millj. kr. Eigið fé Strætó í árslok nam 1.706 millj. kr. Eiginfjárlutfallið í árslok 2015 var 64% samanborið við 66% árið áður.

Strætó bs.

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	6.943.340	5.225.704	32,9%
Rekstrargjöld	(6.928.368)	(4.859.325)	42,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7.857	3.708	111,9%
Rekstrarniðurstaða	22.829	370.087	

Strætó bs. - án akstursþjónustu

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	5.608.924	5.225.704	7,3%
Rekstrargjöld	(5.593.952)	(4.859.325)	15,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7.857	3.708	111,9%
Rekstrarniðurstaða	22.829	370.087	



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru:

- Faxaflóahafnir sf.
- Félagsbústaðir hf.
- Íþróttta og sýningahöllin
- Malbikunarst. Höfði
- Orkuveita Reykjavíkur
- Slökkvilið höfuðborgarsv
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf.
- Jörundur ehf.

7.2.9 Önnur B hluta fyrirtæki

7.2.9.1 Jörundur ehf.

- Rekstrartekjur námu 95 millj. kr. og rekstrarniðurstaða var neikvæð um 1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 28 millj. kr. í árslok 2015 en árið áður námu heildareignir félagsins 1.316 millj. kr. Fjárfestingin á árinu nam 47 millj. kr. Fasteign félagsins var seld á árinu og nam bókfært verð eignarinnar 1.321 millj. kr. Eigið fé í árslok var neikvætt um 40 millj. kr.
- Félagið átti og leigði út fasteignir. Reykjavíkurborg er eigandi alls hlutafjár félagsins.
- Stjórn félagsins hefur ekki afgreitt ársreikninginn en ársreikningur félagsins hefur óveruleg áhrif á ársreikning Reykjavíkurborgar.

7.2.9.2 Aflvaki ehf.

- Engin starfsemi var hjá félaginu á árinu og engir starfsmenn.
- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 57 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015.
- Heildareignir nema 11 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt um 11 millj. kr., en félagið er skuldlaust.
- Félagið er í eigu Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahafna sf.
- Stjórn félagsins hefur ekki afgreitt ársreikninginn en ársreikningur félagsins hefur óveruleg áhrif á ársreikning Reykjavíkurborgar.

Jörundur ehf.			
	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	95.495	65.508	45,8%
Rekstrargjöld	(29.743)	(41.505)	(28,3%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(66.759)	(58.124)	14,9%
Rekstrarniðurstaða	(1.006)	(34.121)	

Aflvaki			
	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrargjöld	153	57	167,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(96)	4.013	(102,4%)
Rekstrarniðurstaða	57	4.070	



Fjárhagsáætlanir eru
mikilvægt stjórnþæki

Stefna stjórnenda kemur
fram í áætlunum

7.3.1 Fjárhagsáætlanir og viðaukar við þær

- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára. Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlunum sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs. Í kafla 3 hér að framan er litið til samanburðar rauntalna 2015 við fjárhagsáætlun 2015.
- Borgarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2019 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um og raunar einnig til ársins 2020.
- Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er óheimilt að víkja frá fjárhagsáætlun sveitarfélags nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina og á það bæði við áætlun A hluta og B hluta. Sé tekin ákvörðun um að stofna til útgjalda eða um aðrar fjárhagslegar ráðstafanir umfram áður samþykktar heimildir í fjárhagsáætlun er mikilvægt að samhliða þeirri ákvörðun sé gerður viðauki við fjárhagsáætlun í samræmi við ákvörðunina. Í viðauka skal fjárheimilda aflað og ennfremur ákvarðað hvernig útgjöldunum skuli mætt og útfærðar aðrar viðeigandi breytingar vegna þeirra liða áætlunarinnar sem ákvörðunin tengist. Þetta á jafnt við um breytingar sem snúa að áætlun rekstrar, fjárfestingu, lántöku eða öðrum atriðum sem hafa áhrif á rekstur eða sjóðstreymi sveitarfélagsins.
- Óhjákvæmilegt getur verið að gera viðauka við áætlun innan ársins og á það bæði við áætlun A hluta og áætlun B hluta fyrirtækja. Gæta þarf þess að ef slíkir viðaukar eru samþykktir að bókanir í fundargerðum borgarstjórnar vegna þeirra séu skýrar og fram komi hvernig mæta eigi viðaukum um aukin útgjöld. Ekki verður betur séð en vel hafi verið haldið utan um þá viðauka sem gerðir voru á áætlun fyrir árið 2015, en ekki voru gerðir viðaukar við áætlun B hluta fyrirtækja.

7.3.2 Fjárhagsáætlun 2016

- Samkvæmt fjárhagsáætlun 2016 er gert ráð fyrir veltufé frá rekstri A og B hluta nemi 31 milljarði kr. og handbært fé frá rekstri nemi 29 milljörðum kr. Gert er ráð fyrir að nettó fjárfestingahreyfingar nemi 14 milljörðum kr. Samkvæmt þessu verða um 15 milljarðar kr. af veltufé frá rekstri ársins til ráðstöfunar fyrir afborganir af lánum á árinu.
- Afborganir af langtímalánum og leiguskuldum á árinu 2016 eru samkvæmt ársreikningi 2015 (og í áætlun 2016) áætlaðar samtals 23 milljarðar kr. Í áætlun A og B hluta er gert ráð fyrir 14 milljarða kr. fjármagni með nýrri lántöku á árinu 2016 og 2 milljarða kr. annarri fjármögnun samstæðunnar.
- Handbært fé og bundnar bankainnstæður í árslok 2015 eru samtals 17 milljarðar kr. Gangi fjárhagsáætlun 2016 eftir hækkar handbært fé um 9 milljarð kr. að því gefnu að því verði ekki ráðstafað til uppgreiðslu skammtímaláns.

7.3.3 Fjárhagsáætlun 2016 - 2020

- Langtímaáætlun sveitarfélagsins liggur fyrir bæði á föstu verðlagi og miðað við breytilegt verðlag. Samkvæmt áætlun á föstu verðlagi er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri A og B hluta á þessu fimm ára tímabili nemi samtals 166 milljörðum kr. Að meðaltali eru það um 33 milljarðar kr. á ári sem yrði betri niðurstaða en samkvæmt ársreikningum 2014 og 2015.
- Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að ný lántaka á tímabilinu nemi samtals 42 milljörðum kr., önnur fjármögnun nemi 12 milljörðum kr., en afborganir af lánum nemi samtals 94 milljörðum kr.
- Nettó fjárfestingahreyfingar þessa tímabils samkvæmt áætluninni nema samtals 111 milljörðum kr.
- Reiknað er með að handbært fé frá rekstri á tímabilinu verði nýtt til fjárfestinga og afborgana lána umfram það sem fjármagnað verður með lántökum á tímabilinu. Gangi áætlanir að fullu eftir verður handbært fé í lok tímabilsins 14 milljörðum kr. hærra en í árslok 2015.

	Atriði	Umfjöllun
1	Sviksemi	Við höfum rætt við stjórnendur um hvort þeir hafi orðið varir við eða fengið vísbendingar um sviksemi og/eða að lög hafi verið brotin. Stjórnendur hafa upplýst okkur um að þeir hafi ekki orðið varir við neitt sem hefur veruleg áhrif á ársreikninginn. Engar vísbendingar um sviksemi komu í ljós í endurskoðunarvinnu okkar.
2	Kröfur og málaferli	Við höfum spurt stjórnendur hvort þeir eigi von á málaferlum á hendur sveitarfélaginu. Stjórnendur hafa staðfest við okkur að þeir hafi ekki vitneskju um nein málaferli umfram það sem greint er frá í ársreikningnum sem veruleg áhrif gætu haft á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Einnig höfum við aflað staðfestinga frá lögmönnum sveitarfélagsins og hafa þeir staðfest að engin önnur mál séu í gangi sem hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.
3	Viðskipti við tengda aðila	Við höfum farið yfir viðskipti við tengda aðila. Stjórnendur hafa staðfest að eðlilega sé greint frá viðskiptum við tengda aðila í ársreikningi og að ekki séu önnur viðskipti til staðar en þau sem þar er gerð grein fyrir.
4	Rekstrarhæfi	Stjórnendur hafa staðfest að ekki séu vísbendingar um að vafi leiki á rekstrarhæfi sveitarfélagsins næstu 12 mánuði. Við höfum farið yfir fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins til næstu ára. Í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga teljum við mat stjórnenda, á því að sveitarfélagið sé rekstrarhæft næstu 12 mánuði, raunhæft.
5	Staðfestingabréf stjórnenda – óleiðréttir mismunir	Í tengslum við endurskoðunina fáum við staðfestingabréf frá stjórnendum þar sem þeir staðfesta að þeir hafi upplýst okkur um öll málefni er gætu haft áhrif á ársreikninginn. Þeim er ekki kunnugt um óleiðréttar skekkjur í ársreikningi sem gætu haft, hver um sig eða samanlagt, veruleg áhrif á ársreikninginn í heild.
6	Óhæði endurskoðanda	Við staðfestum hér með að við erum óháðir endurskoðendur gagnvart sveitarfélaginu eins og siðareglur starfsstéttarinnar og lög kveða á um.



cutting through complexity™

© 2016 KPMG ehf., á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative („KPMG International“), svissnesku samvinnufélagi.

Nafn, kennimark KPMG og “cutting through complexity” eru vörumerki KPMG International Cooperative (KPMG International).